

Után dagskrár um fundarstjórn forseta

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég man aldrei eftir því, ég er að vísu ekki mjög langlífur í störfum sem borgarfulltrúi, en ég man aldrei eftir því að borgarstjórnin í Reykjavík hafi misnotað jafngróflega það að mega tala hér oft en aðrir og demba hér einhverju spurningaflóði yfir borgarfulltrúa sem vitað er að geta ekki svarað.

[Frammíkal, HBK: Þú þarft ekkert að svara.]

Dagur B. Eggertsson: Þarf ég ekkert að svara?

[Frammíkal, HBK: Ég var ekkert að óska eftir svörum.]

Dagur B. Eggertsson: „Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi þarf að svara því hvernig stóð á því að meirihlutinn, sem kallaður er 100 daga meirihlutinn, var myndaður.“ Því er til að svara að það var til þess að Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi og sexmenningar Sjálfstæðisflokksins kæmust ekki upp með það að hraðselja REI með forkaupsrétti fyrir Hannes Smáráson, Bjarna Ármannsson og aðra sem voru með forkaupsrétt í samrunasamningnum við Geysi Green. Það var ástæðan fyrir því. [Forseti slær í bjöllu].

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur gert athugasemd við fundarsköp. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

Utan dagskrár um fundarstjórn forseta

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Já, gott að vita það að Dagur B. Eggertsson hugðist bjarga þjóðinni frá því. Þá minni ég borgarfulltrúann á, ég hvet hann til að lesa grein sem birtist í Fréttablaðinu eftir borgarfulltrúann þar sem hann hélt því fram að við værum að koma óorði á útrásina. Ég hvet hann líka, ég á þá pistla eftir Össur Skarphéðinsson, þar sem hann gerði það sama. Sagði að við hefðum komið óorði á útrásina og hefðum glatað fullt af fjármagni fyrir hönd Reykjavíkurborgar með því að klára ekki þessa samninga. Ég hvet borgarfulltrúann til þess að lesa það og skoða það og þá fær hann gleggri upplýsingar um það sem ég er að tala um.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Stefán Jóhann Hafstein ... Stefánsson óskað eftir að gera stutta athugasemd. Fyrirgefðu, veita andsvar.